

# Jólin 2014



*Fer að höndum hvarfastund  
-hættir sól að lækka-  
eigum saman yndisfund  
uns hún fer að hækka.*

*Gledileg jól og farsæl komandi ár!  
Hjartans þökk fyrir hlýjan hug og vinsamleg samskipti.*

*Gisli Ólafur og Ragna Freyja*



*Prettándaferðin í Þórsmörk 10. - 11. jan. 2015*

*Föstudag 9. jan. - forfarar kannu færð og kynda skálann.*

*Laugardagur 10. jan. - kl. 10 frá Hvolsvelli.*

*Leiðir lagðar eftir veðrum og vindum.*

*Sunnudagur 11. jan. kl. 11 úr Langadal.*

*Áætluð heimkoma kl. 20.*



Sjá nánar á >> [GOPfrettir.net/open/farplan](http://GOPfrettir.net/open/farplan)

## Jólablandan

**Ahættan** – aðlagð af netinu

Miðaldra hjón fóru í heimsókn til Ísrael að sífellunauði og eftirrekstri eiginmannsins um það sem allt annað lengst af hjónabandsævinni. Svo fór að eiginmaðurinn varð bráðkvaddur í ferðinni.

Ekkjunni buðust tveir kostir. Annar að flytja hann með sér heim en það kostaði 10 þúsund dollara. Hinn að jarðsetja hann í landinu helga fyrir 150 dollara. Eftir umhugsun ákvað hún að fara með hann heim. Heimamenn spurðu hverju sætti þegar svo mikill var munur á kostnaðinum.

Hún sagði þeim að eftir því sem hún best vissi hefði maður verið settur í gróf í þessu landi og svo risið talandi upp frá dauðum. Hún gæti ekki átt slíkt á hættu.

**Óvænt uppákoma** – af vefnum frá Obvious Magazine

Amma mín er stálminnug og athugul. Hún talar skýrt og greiðlega og liggur ekki á meiningu sinni. Henni líkar ekki við heimskulegar spurningar.

Maggi saksóknari ætlaði að slá sér upp með því að fá hana til að bera vitni. Hún var hans fyrsta vitni í málinu. Hann innleiddi samtalið við hana með því að stíga í átt til hennar og spyrja hana: "Frú Sigríður, þekkið þér mig?"

Hún horfði dálítið undrandi til hans og sagði:

"Já, raunar, herra Magnús. Ég hef þekkt yður frá því þér voruð lítill drengur og satt best að segja hef ég orðið fyrir miklum vonbrigðum með yður. Þér eruð ósannindamaður, farið á bak við konuna yðar, snúið fólki um fingur yðar og talið illa um það þegar það heyrir ekki til. Þér haldið að þér séuð merkilegir en hafið ekki greind til að gera yður grein fyrir því að þér munuð aldrei ná lengra en verða ómerkilegur pappírspotari. Já, ég þekki yður."

Magga saksóknara brá við þetta svar. Hann vissi ekki hvað til bragðs skyldi taka en benti í fátí á varnarlögfræðinginn Jóhannes og spurði:

"Frú Sigríður, þekkið þér verjandann?"

Hún var jafn undrandi til augnanna þegar hún svaraði:

"Já, raunar geri ég það. Herra Jóhannes hef ég líka þekkt síðan hann var unglingur. Hann er latur, þröngsýnn, uppfullur af hleypidómum og á kafi í sínum eigin brennivínsvandræðum. Hann getur ekki tengst fólki á edlilegan máta og lögfræðistarfsemi hans er meðal þess allra lélegasta í landinu. Þess utan hefur hann svikist bak við konu sína með þremur öðrum konum. Ein þeirra er konan yðar. Já, ég þekki hann."

Jói, verjandi, hefði helst viljað gufa út í buskann.

Dómarinn kallaði báða lögfræðingana til sín og sagði við þá lágt en skýrt:

*Bjálfar! Ef annar hvor ykkar svo mikið sem yjar að því hvort þessi kona þekki mig - þá eruð þið báðir búnir að vera hér um slóðir.*

**Á eigin kostnað** – aðlagð frá Rannveigu Haralds.

Hann er orðinn hálfsextugur, býr í Kópavoginum og hringir í son sinn í Osló: "Sonur sæll, því miður verð ég að eyðileggja fyrir þér daginn - en ég verð að segja þér að við móðir þín erum að skilja - bráðum fjörutú á í hjónabandi og endalaus leiðindi. Við erum sammála um að nóg sé nóg - og höfum ákveðið þetta."

"Pabbi - hvaða vitleysa er þetta?" hrópar sonurinn.

"Við getum ekki lengur þolað hvort annað" segir pabbinn. "Ég get ekki hugsað um þetta meir. Þú hringir bara í hana systur þína og segir henni frá þessu."

Sonurinn hringir æstur í systur sína í Stokkhólmi sem verður alveg æf: "Það verður sko ekki af því að þau skilji" segir hún ákveðin. "Ég sé um þetta."

Hún hringir í pabbann og eiginlega hrópar í símann: "Þið eru sko ekki að fara að skilja. Gerið ekki neitt fyrr en ég kem til ykkar. Við brói verðum bæði komin heim til ykkar á morgun og þið gerið alls ekkert fyrr en við komum! Heyrirðu það!!" og hún skellir á hann. Pabbinn leggur frá sér símann og segir við mömmuna: "Þetta virkar. Þau verða hér bæði um jólin og borga sjálf."

**Lóan** – frá Jóhanni Larsen og Jóni Óttarri

Danskur tengdabroðir hagamæltra snillinga hafði lengi nauðað um að fá að koma með þegar hinir fóru á hagrýðingamót og létu ljóðaljós sín skína. Loks létu þeir eftir honum - en hann komst auðvitað aldrei að - og fyrr en varði var kvöldið liðið. Stjórnandinn stóð upp og - næstum því sleit fundinum - nema sá danski spurði hvort hann ætti ekki aðeins að komast að??? Jú- jú - hann fékk það - með þessa óaðfínanlegu vísu:

*Lóan var að labba  
labbaðút á tún  
ég fór líkað labba  
labbaðeinsoghún.*

**Óvart**

Kynningarpóstur var sendur hópverjum lífs og liðnum og velvirðingar beðist á mistökunum. Sem sagt:

*Óvart mail til andaðaðra anda brunar  
- að þeir lesi okkur grunar  
og þá biðjum afsökunar.*

\* \* \*